

## 21. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

21. fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps var haldinn 29. september 2021 kl 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna. Á fundinn mættu Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson f.h. landbúnaðarnefndar, ásamt 9 öðrum sauðfjárbændum.

### 1. Fjallskilasamþykkt

- a. Fjallskilasamþykkt verður tekin upp í Héraðsnefnd í október. Sauðfjárbændur í Hrunamannahreppi eru sammála um að flýta réttartímanum og vera á sama tíma og nágrannasveitarfélögin. Réttirnar yrðu þá haldnar á tímabilinu 7.-13.september.
- b. Rætt um þann möguleika að ýta á landgræðsluna um að fá að fara fyrir í afréttinn ef féð fer fyrir heim úr afréttinum á móti. Fá sveitarfélögin í kring til að beita þrýstingi með okkur.

### 2. Önnur mál

- a. Tryggingar: Rætt um tryggingar á fjallmönnum í fjallferð. Hver ber ábyrgð á þeim sem slasast í fjallferð? Mikilvægt að hafa þessa hluti á hreinu og búa til einhvert plagg fyrir sauðfjárbændur og fjallmenn.

Fundi slitið kl. 21:04